



Ársskýrsla Jafnréttisstofu

2025

Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3	Samstarfsverkefni og vitundarvakningar	8
Hlutverk Jafnréttisstofu	4	Meinlaust á Norðurlöndum	8
Eftirlit	5	Jafnrétti í sveitarstjórnnum	8
Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting	5	Jafnrétti í íþróttahreyfingunni	8
Jafnréttisáætlanir	5	Burt með mismunun	9
Ráðgjöf og aðstoð	5	Umönnunarbíl – tímabilið milli fæðingarorlofs og leikskóla	9
Erindi frá einstaklingum	5	Skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna	9
Afmælisráðstefna Jafnréttisstofu	6	Samstarfshópar og alþjóðasamstarf	10
Fundur um jafnréttismál í sveitarfélögunum	7	Equinet - evrópskt net jafnréttisstofnana	10
Námskeið Jafnréttisstofu	7	Stýrihópur forvarnaráætlunar	10
KÁ-vitinn	7	Kynjajafnrétti á Norðurslóðum	10
Jafnrétti og mismunun vinnumarkaði	7	Fjárhagur og lykiltölur	11
Inngilding og samþætting	7	Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting	11
Námskeið Jafnréttisstofu	7	Ráðgjöf og aðstoð – erindi frá einstaklingum	11



Árið 2025 var að venju viðburðaríkt í starfi Jafnréttisstofu. Jafnrétti á vinnumarkaði er eitt af stóru verkefnum Jafnréttisstofu og eftirlit með að fyrirtæki og stofnanir uppfylli lagaskyldur um jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu. Samkvæmt rannsóknnum Hagstofunnar er ljóst að þó að kynbundinn launamunur hafi heilt yfir dregist saman á árunum 2019-2023 ber að hafa í huga að á milli árunna 2022 og 2024 jókst óleiðréttur launamunur aftur. Það er því ljóst að markinu er ekki náð og kynbundinn launamunur er enn til staðar á Íslandi og þróunin undanfarin 3 ár sýnir að ekki má sofna á verðinum.

Árið 2025 var áfram mikil umræða um jafnlaunavottun og jafnlaunastaðal og árangurinn af þeirri löggjöf. Undirbúningur hófst við endurskoðun á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna með það að markmiði að einfalda kerfið og draga úr byrði á fyrirtæki og stofnanir án þess að hvika frá markmiðum laga um launajafnrétti og að sporna gegn launamismunum á grundvelli kyns. Í júní 2025 voru birt í samráðsgátt stjórnvalda áform dómsmálaráðherra um endurskoðun á reglum í tengslum við jafnlaunakerfi og í nóvember var frumvarp um skýrslugjöf um kynbundinn launamun afgangið úr ríkisstjórn. Skýrslugjöf um kynbundinn launamun mun því leysa af hólmi reglur um jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu og áfram verður gerð krafa um að fyrirtæki og stofnanir sýni fram á og að launakerfi þeirra uppfylli kröfur jafnréttislaga. Jafnréttisstofa mun hafa umsjón og ábyrgð á eftirliti með skýrslugjöfinni.

Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur, sem á sinn þátt í þeim kynbundna launamun sem enn er á vinnumarkaði og er virðisamat starfa mjög mikilvægt í því samhengi. Í þessu samhengi hefur umönnunarbilið – tímabilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn kemst inn á leikskóla – mikið að segja og hefur það lengi verið mikil áskorun fyrir foreldra á Íslandi. Skýrsla Jafnréttisstofu sem kom út í lok árs 2025 sýnir að núverandi fyrirkomulag endurspeglar áhrif kynjakerfis á fjölskyldu- og atvinnulíf og getur haft neikvæð áhrif á jafnrétti.

Vitundarvakningin Meinlaust hélt áfram að færa út kviarnar og í janúar 2025 fór Meinlaust í loftið á öllum Norðurlöndunum, þýdd á öll norðurlandamálin. Vitundarvakningin hefur vakið mikla athygli en henni er ætlað að opna augu almennings fyrir birtingarmyndum örareitni og afleiðingum hennar gagnvart fólki í jaðarsettum hópum innan samfélagsins. Jafnréttisstofa mun áfram halda þessu efni á lofti þar sem sjaldan hefur verið jafn mikilvægt að vekja athygli á mismunum sem á sér stað í samfélaginu okkar, bæði bein og óbein mismunum og meðvituð og ómeðvituð mismunum. Umræðan í samfélaginu hefur á köflum verið mjög hörð undanfarin misseri og ljóst er að um raunverulegt bakslag í jafnréttismálum er að ræða

sem birtist m.a. í samfélagslegri umræðu um jaðarsetta hópa. Ný upplýsingasiða, Burt með mismunum, fór í loftið á árinu og var hún kynnt á samfélagsmiðlum Jafnréttisstofu. Markmiðið er að vekja athygli á réttindum einstaklinga og ólíkum birtingarmyndum mismununar í samfélaginu ásamt því að vekja athygli á þeirri ráðgjöf og aðstoð sem Jafnréttisstofa býður upp á til þeirra sem telja að sér hafi verið mismunað á grundvelli íslenskrar jafnréttis- og mismununarlöggjafar. Það verður ekki of oft ítrekað að mismunur er ólögleg í íslensku samfélagi, hvort sem er á vinnumarkaði eða utan vinnumarkaðar í daglegu lífi. Okkur ber að sýna hvert öðru virðingu og muna að það er pláss fyrir alls konar í okkar fallega og fjölbreytta samfélagi. Í þessu samhengi voru einnig uppfærðar leiðbeiningar til fyrirtækja og stofnana um gerð jafnréttisáætlana en nýjum leiðbeiningum er ætlað að tryggja víðari sýn á jafnrétti þar sem fjölbreytni íslensks vinnumarkaðar er spegluð.

Jafnréttisstofa fagnaði 25 ára afmæli stofnunarinnar á árinu og af því tilefni var haldin ráðstefna þar sem meginþemað var kynbundið ofbeldi með sérstakri áherslu á stafrænt kynbundið ofbeldi. Kynbundið ofbeldi er eitt stærsta jafnréttismál samfélagsins og í heimi samfélagsmiðla á netinu og gervigreindar hafa orðið til nýjar leiðir fyrir slíka áreitni og ofbeldi. Mikilvægt er að íslenskt samfélag haldi áfram að berjast gegn og útrýma kynbundnu ofbeldi, öðruvísi næst aldrei fullt jafnrétti kynjanna.

Árið 2025 var líka árið sem Jafnréttisstofa efldi alþjóðlegt samstarf við systurstofnanir í Evrópu en stofnunin gerðist aðili að evrópsku neti jafnréttisstofnana, Equinet. Með aðild að samstarfsneti sem þessu gefst tækifæri til að miðla þekkingu og árangri Íslands í jafnréttismálum en á sama tíma að öðlast aðgang að dýrmætri sérfræðipækkingu og reynslu helstu sérfræðinga Evrópu í jafnréttismálum.

Rekstur örstofnunar eins og Jafnréttisstofu er jafnan erfiður og árið 2025 þurfti að fækka starfsfólki sem nemur einu stöðugildi til að rétta af rekstrarhalla og ná jafnvægi í rekstrinum, en starfsfólk stofnunarinnar eru nú sjö í sjö stöðugildum. Árangur starfseminnar byggist fyrst og fremst á hæfu og samstilltu starfsfólki þar sem sérfræðipækking og framlag hvers og eins skipta sköpum í litlu teymi.



Martha Lilja Olsen,
framkvæmdastjóri

Hlutverk Jafnréttisstofu

Hlutverk Jafnréttisstofu er að fylgjast með framkvæmd jafnréttislaga, veita fræðslu, upplýsingar og ráðgjöf, og koma á framfæri tillögum til stjórnvalda um aðgerðir sem stuðla að auknu jafnrétti. Hún hvetur til virkri þátttöku í jafnréttismálum, fylgist með þróun þeirra í samfélaginu og hefur frumkvæði að rannsóknum og úttektum.

Stofnunin vinnur að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni, vinnur gegn launamisrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði og leitar sátta í ágreiningsmálum sem tengjast lögunum. Hún vinnur einnig gegn skaðlegum staðalímyndum og hefur umsjón með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu. Að lokum sinnir hún öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Jafnréttisstofa starfar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og utan hans.

Hlutverk Jafnréttisstofu er skilgreint í lögum um stjórnsýslu jafnréttismála nr. 151/2020 og stofnunin heyrir undir dómsmálaráðherra.



Eftirlit

Jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfesting

Jafnréttisstofa annast eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli öðlist jafnlaunavottun eða jafnlaunastaðfestingu. Stofnunin birtir á vefsíðu sinni skrá yfir aðila sem öðlast hafa jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu. Í lok árs 2025 náði lagaskyldan til 1308 fyrirtækja og stofnana.

Fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 50 að jafnaði á ársgrundvelli ber skylda til að öðlast jafnlaunavottun. Hún er veitt að undangenginni úttekt vottunaraðila á að jafnlaunakerfi og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST85:2012.

Fyrirtæki þar sem starfa 25-49 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli geta skilað gögnum til Jafnréttisstofu og sótt um jafnlaunastaðfestingu sem viðurkenningu á því að launakerfi og framkvæmd þess mismuni ekki í launum á grundvelli kyns.

Jafnréttisáætlanir

Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli setji sér jafnréttisáætlanir sem gilda til þriggja ára. Jafnréttisáætlanir öðlast gildi þegar Jafnréttisstofa hefur samþykkt þær.

Ráðgjöf og aðstoð

Erindi frá einstaklingum

Jafnréttisstofa sinnir ráðgjöf til einstaklinga varðandi túlkun á réttindum samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði. Með ráðgjöfinni er markmiðið að aðstoða einstaklinga sem telja hugsanlega hafa verið brotið á réttindum sínum eða þeim mismunað með einum eða öðrum hætti út frá skilyrðum laganna. Málin sem óskað var eftir ráðgjöf vegna á árinu tengdust m.a. uppsögnum og launamun þar sem mismununarbreyturnar voru ýmist kyn, þjóðernisuppruni og/eða aldur. Hlutverk Jafnréttisstofu í slíkum erindum er að ráðgefa, leiðbeina og aðstoða um hugsanleg næstu skref og veita upplýsingar um feril slíkra mála innan stjórnsýslunnar og dómskerfisins.



Afmælisráðstefna Jafnréttisstofu

Þann 15. september 2025 hélt Jafnréttisstofa upp á 25 ára afmæli sitt með ráðstefnu. Meginþemað var kynbundið ofbeldi, með pallborði þar sem áhersla var lögð á stafrænt kynbundið ofbeldi. Þátttakendur á ráðstefnunni voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, dómsmálaráðherra og ráðherra jafnréttismála, dr. Rannveig Sigurvinsdóttir, dósent við sálfræðideild Háskólans í Reykjavík, Drífa Snædal, talskona Stígamóta, París Anna Bergmann, menntaskólanemi og aktivisti og Jón Ingvi Ingimundarson, verkefnastjóri hjá Jafnréttisstofu. Hjalti Ómar Ágústsson, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, stýrði pallborði og Martha Lilja Olsen, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, hélt opunarávarp.



Í erindi Ingibjargar rakti hún sögu kvenréttindabaráttu á Íslandi frá 1975 og fór yfir stöðu jafnréttismála á Íslandi í dag. Hún vakti athygli á að íhaldssöm viðhorf séu að ryðja sér aftur til rúms innan samfélagsins og varaði við afturför í jafnréttisbaráttu kvenna.

Í pallborði var umræða um rannsóknir á stafrænu kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og afleiðingar þess þar sem þolendur upplifa að brotið sé á þeim og því fylgi oft kviði, þunglyndi og jafnvel sjálfsskaði. Þá kom fram að lagaumhverfi á Íslandi er ekki nægilega vel í stakk búið til að takast á við nýjan veruleika með djúpfölsunum og stafrænu kynferðisofbeldi.

Niðurstaðan var sú að stafrænt kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sé alvarlegt samfélagsmein. Styrkja þurfi úrræði fyrir þolendur, tryggja ábyrgð gerenda og byggja upp forvarnir. Nauðsynlegt sé að efla löggjöf og alþjóðlegt samstarf í baráttunni fram undan.



Fundur um jafnréttismál í sveitarfélögunum

Rafrænn þemafundur fyrir sveitarfélögin fór fram í apríl. Yfirskrift fundarins var Vinna gegn ofbeldi er lífsspursmál. Til að fjalla um þetta mikilvæga mál fengum við til okkar Halldóru Dýrleifar Gunnarsdóttur, sérfræðing í jafnréttismálum og verkefnisstjóra [Saman gegn ofbeldi](#) hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Halldóra fjallaði meðal annars um aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi og mikilvægi þess að hafa tölfræðigögn til að byggja á við vinnuna. Hún fór yfir þau gögn sem Reykjavíkurborg safnar saman reglulega varðandi ofbeldi sem eru m.a. fjöldi útkalla lögreglunnar og Reykjavíkurborgar eftir kyni gerenda og eftir kyni brotaþola, tegund ofbeldis eftir kyni brotaþola, fjöldi kvenna í Kvænnaathvarfinu og fleira.

Hún fjallaði einnig um mikilvægi þess að skoða aðra hópa og kynjaða tölfræði innan þeirra, má þar nefna fatlað fólk, aldraða, börn, innflytjendur og hinsegin fólk. Reykjavíkurborg hefur þetta að leiðarljósi hjá sér þar sem jaðarsettir hópar eru í meiri hættu að verða fyrir ofbeldi.

Námskeið Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa býður eftirfarandi námskeið fyrir vinnustaði:

KÁ-vitinn

Markmið fræðslunnar er að starfsfólk og stjórnendur þekki birtingarmyndir og afleiðingar kynferðislegrar áreitni og fái verkfæri til að vinna gegn slíkri hegðun.



Jafnrétti og mismunur á vinnumarkaði

Námskeiðið er ætlað starfsfólki og stjórnendum fyrirtækja. Á námskeiðinu er fjallað um jafnrétti og mismunur á vinnumarkaði. Farið er yfir skyldur atvinnurekenda og réttindi starfsfólks samkvæmt jafnréttislögum.



Inngilding og samþætting

Námskeiðið er ætlað stjórnendum og kjörnum fulltrúum sveitarfélaga. Á námskeiðinu er fjallað um inngildingu og samþættingu kynja- og mannréttindasjónarmiða hjá sveitarfélögum. Farið er yfir skyldur sveitarfélaga, helstu áskoranir og hvaða skilyrði þurfa að vera til staðar til að ná árangri.



Samstarfsverkefni og vitundarvakningar

Jafnréttisstofa tekur þátt í fjölbreyttum samstarfsverkefnum þar sem afurðirnar eru oft samfélagslegar vitundarvakningar, samstarf í rannsóknum og upplýsingaöflun sem varða jafnréttismál, tölfræði tengd jafnréttismálum og annað útgefið efni. Jafnréttisstofa kemur einnig að árlegum verkefnum eins og Sexunni.

MEINLAUST Á NORDURLÖNDUNUM

Vitundarvakning [Meinlaust](#) fór í loftið í janúar á samfélagsmiðlum á öllum Norðurlöndunum, ásamt því að veggspjöld á öllum norðurlandungumálunum voru gerð aðgengileg. Meinlaust er ætlað að opna augu almennings fyrir birtingarmyndum öræreitni og afleiðingum þess gagnvart fólki innan jaðarsettra hópa í samfélaginu.

Vitundarvakningin var hluti af norræna vegvísinum um eflingu kynjajafnréttis og jafnan rétt kvenna, stúlkna og hinsegin fólks (Nordic Roadmap on Advancing Gender Equality and Equal Rights for Women, Girls, and LGBTI Persons 2022-2024), sem undirstrikar þörfina fyrir samhæfðar aðgerðir til að takast á við andstöðu gegn kynjajafnrétti og jöfnum réttindum. Verkefnið sneri að aðgerðum gegn hatursorðræðu, eflingu þvermenningarlegs samtals og nýtingu fjölmiðla og samfélagsmiðla til að auka vitund um skaðlega orðræðu.

Vitundarvakning var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

JAFNRÉTTI Í SVEITARSTJÓRNUM

Jafnréttisstofa er framkvæmdaaðili aðgerðar C.16 í byggðaaætlun sem nær til áráanna 2022-2036. Markmið verkefnisins er að efla sveitarstjórnir og auka vitund um mikilvægi fjölbreyttra sjónarmiða innan þeirra. Íslenskt samfélag einkennist af fjölbreytileika, en sú fjölbreytni endurspeglast enn ekki nægilega í samsetningu sveitarstjórna né í ákvarðanatöku þeirra. Til að bregðast við þessu var gefinn út nýr gátlisti sem miðar að því að styðja sveitarstjórnir í að efla fjölbreytni og inngildingu í stjórnsýslunni. [Gátlistinn](#) var birtur á haustdögum ársins 2025 á heimasíðu Jafnréttisstofu, hann var kynntur á Bygðaráðstefnunni 2025 og fjöldi kynningarpósta sendir út.



JAFNRÉTTI Í ÍPRÓTTAHREYFINGUNNI

Samstarf Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu hélt áfram á árinu með söfnun kyngreindra upplýsinga um áhrifastöður í íþróttahreyfingunni. Niðurstöðurnar voru birtar í mælaborði á heimasíðu Jafnréttisstofu og ÍSí.

Helstu niðurstöður sýna að íþróttunum er að meirihluta stýrt af körlum. Karlar gegna í langflestum tilvikum formennsku, sérstaklega á vettvangi aðalstjórna félaga. Karlar eru einnig í meirihluta meðstjórnendur og varamenn í stjórnnum. Meirihluti framkvæmdastjóra innan íþróttahreyfingarinnar eru einnig karlar, bæði í félögum (77%) og sérsamböndum (55%). Konur eru í meirihluta í stöðum gjaldkera (51%) og ritara (56%) í aðalstjórnnum félaga. Enginn kynsegin einstaklingur var skráður í stjórnir íþróttafélaga þegar úttektin var gerð.

Tilgangur gagnaöflunarinnar er að draga fram mynd af stöðu kynjanna innan íþróttahreyfingarinnar með sérstaka áherslu á áhrifastöður og völd til þess að skoða hvort leiðréttta þurfi hlut kynjanna og hvort núverandi staða geti verið undirliggjandi þáttur karllægrar menningar sé hún til staðar. Kynjamisvægi getur einnig haft áhrif á ákvarðanatöku og stefnumótun innan hreyfingarinnar.

Samstarfsverkefni og vitundarvakningar

BURT MEÐ MISMUNUN

Í maí var sett í loftið ný upplýsingasiða á íslensku og ensku þar sem einstaklingar geta kynnt sér nánar hvað felst í banni við mismunun samkvæmt jafnréttislögum ásamt því að geta leitað aðstoðar hjá ráðgjöfum Jafnréttisstofu á einfaldan hátt. Þar mátti einnig finna upplýsingar um kærunefnd jafnréttismála en hafa ber í huga að hægt er að leita til hennar í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna.

Kynningarefni var einnig keyrt á samfélagsmiðlum og fékk það yfir 30.000 áhorf.

Mismunun á sér ýmsar birtingarmyndir. Hún getur átt sér stað við kaup á þjónustu eða við ráðningu í tiltekið starf, svo fátt eitt sé nefnt. Mismunun er ólögleg, bæði á vinnumarkaði og í daglegu lífi. Þetta á við um mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, þjóðernisuppruna, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar.

UMÖNNUNARBIL – TÍMABILÐ MILLI FÆÐINGARORLOFS OG LEIKSKÓLA

Jafnréttisstofa gaf út skýrslu um umönnunarbilið - tímabilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Skýrslan sýnir að núverandi fyrirkomulag endurspeglar áhrif kynjakerfis á fjölskyldu- og atvinnulíf og getur haft neikvæð áhrif á jafnrétti.

Sveitarfélög bera ríkar skyldur í jafnréttismálum og þurfa að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í stefnumótun, fjármagnsráðstöfunum og ákvörðunum. Könnun sem framkvæmd var meðal sveitarfélaga í júní 2025 greindi heimgreiðslur, leikskólaumgjörð, dagforeldra og gjaldskrár. Niðurstöður sýna að án samþættingar jafnréttissjónarmiða í ákvarðanir er hættu á að ómeðvitaðar breytingar festi kynjahlutverk í sessi og auki kynjabil í tekjum og tækifærum.

Skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna

Í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna fær Jafnréttisstofa upplýsingar um skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ráðuneytanna í árlegri greinargerð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna.

Árið 2025 birti Jafnréttisstofa í fyrsta skipti myndrænt tölfraeðiyfirlit yfir kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ráðuneytanna í [gagnvirku mælaborði](#). Tölfraeðin hefur jafnan verið birt í árlegum skýrslum en nú hefur kynjaskiptingin fyrir árin 2022-2024 verið birt í heildstæðu yfirliti á vef stofnunarinnar og verður það mælaborð þróað til framtíðar þannig að auðvelt verði að fylgjast með sögulegri þróun og gera samanburð milli ára.



Starfshópar og alþjóðasamstarf

Jafnréttisstofa er hluti af hinum ýmsu samstarfshópum ásamt því að vera með fulltrúa í nefndum og stjórnun, má þar nefna velferðarvaktina, stjórn jafnréttissjóðs, jafnréttisnefnd Evrópuráðsins, sérfræðingahóp um ritun tilmæla um stafrænt ofbeldi og fleira.

Jafnréttisstofa varð á árinu hluti af evrópsku neti jafnréttisstofnana Equinet og einnig var fulltrúi Jafnréttisstofu í stýrihópi um forvarnaráætlun. Þá hélt Jafnréttisstofa áfram þátttöku í samstarfsverkefni um kynjajafnrétti á Norðurslóðum (Gender Equality in the Arctic).

EQUINET - EVRÓPSKT NET JAFNRÉTTISSTOFNANA

Í byrjun október 2025 varð Jafnréttisstofa aðili að evrópsku neti jafnréttisstofnana, Equinet, í fyrsta sinn. Martha Lilja Olsen, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, kynnti aðildarumsóknina á aðalfundi Equinet í Brussel, þar sem hún fékk einróma samþykki.

Með aðild að Equinet gefst Jafnréttisstofu tækifæri til að miðla áfram stöðu og þróun jafnréttismála á Íslandi og dýrmætri þekkingu starfsfólks á sviði jafnréttismála og öðlast aðgang að dýrmætri sérfræðipekkingu frá helstu sérfræðingum Evrópu á þessu sviði í gegnum öflugt tengslanet.

Equinet er leiðandi net jafnréttisstofnana í Evrópu sem vinnur að því að stuðla að jafnrétti með því að styðja stofnanir við að vinna áhrifaríkt starf fyrir jafnari samfélög; þar sem jafnrétti er veruleiki fyrir öll, fjölbreytileiki er metinn að verðleikum og öllum birtingarmyndum mismununar hefur verið útrýmt. Innan Equinet eru starfandi ýmsir sérfræðingahópar og vinnuhópar utan um sérstök málefni eða viðfangsefni á hverjum tíma og mun starfsfólk Jafnréttisstofu taka virkan þátt í þessum sérfræðingahópum. Þar má nefna sérfræðingahópa um samskiptamál og stefnumótun, framkvæmd jafnréttislaga, jafnlaunamál og launagagnsæi, jafnrétti og gervigreind og kyngreinda tölfærði og rannsóknir.

STÝRIHÓPUR FORVARNARÁÆTLUNAR

Fulltrúi Jafnréttisstofu er varaformaður í stýrihópi sem falið var að annast framfylgd þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni fyrir árin 2021-2025. Markmið með starfi stýrihópsins er að koma á samhæfðum vinnubrögðum, skýra ábyrgð, greina skörun og koma á góðu samstarfi ábyrgðaraðila við framfylgd áætlunarinnar.

KYNJAJAFNRÉTTI Á NORÐURSLÓÐUM

Frá árinu 2013 hefur Jafnréttisstofa tekið þátt í verkefninu Kynjajafnrétti á norðurslóðum (Gender Equality in the Arctic - GEA) ásamt Norðurslóðaneti Íslands, Utanríkisráðuneytinu og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar. Fjórða fasa verkefnisins (GEA IV) lauk á árinu með útgáfu á skýrslu um núverandi stöðu og áskoranir varðandi öflun og vinnslu samanburðarhæfra, kyngreindra tölfærðigagna.

Undirbúningi að [fimmta fasa \(GEA V\)](#) lauk á árinu. GEA V byggir að mestu á þeirri vinnu sem fram fór í GEA III og GEA IV þar sem fram kom að mikil þörf væri á áreiðanlegri, kyngreindri tölfærði til að styðja við stefnumótun og ákvarðanatöku á norðurslóðum.

Meginþættir GEA V eru annars vegar röð vinnustofa með þátttöku tölfærðistofnana á norðurslóðum, fulltrúa frumbyggja og annarra viðeigandi fræðimanna og sérfræðinga með það að markmiði að byggja upp faglegt samstarfsnet um framleiðslu á svæðisbundnum, kyngreindum, samanburðarhæfum gögnum. Lögð verður áhersla á eyður í gögnum sem tengjast þeim á borð við glæpi og ofbeldi, sem sameiginlegan upphafsreit fyrir samtali og greiningu.

Hins vegar verður lagt í framleiðslu á hlaðvarpsseríu sem ætlað er að kynna fjölbreytt sjónarhorn um flókið samspil hugtakanna „glæpir“ og „ofbeldi“ og menningar og sögu íbúa á norðurslóðum, auk staðbundinnar þekkingar á mögulegum lausnum. Tekin verða viðtöl við íbúa á norðurslóðum þar sem áhersla verður lögð á hvað þessi samfélög eru fjölbreytt og ólík og mikilvægi staðbundinna lausna.

Fjárhagur og lykiltölur


Fjárheimildir Jafnréttisstofu á árinu voru sem hér segir:

Framlag ríkissjóðs	157.286.529
Sértekjur	2.366.305
Laun og launatengdur kostnaður	129.539.645
Húsnæði	15.221.373
Annar kostnaður	15.013.106
Afkoma ársins	-1.012.844
Flutt frá fyrra ári	4.869.425
Staða fjárveitinga í lok árs	-5.882.269



JAFNLAUNAVOTTUN OG JAFNLAUNASTAÐFESTING

Jafnréttisáætlanir: Innsendar og samþykktar áætlanir 2025 voru 164. Jafnréttisstofu bárust 16 umsóknir um jafnlaunastaðfestingu á árinu 2025, 12 þeirra hlutu afgreiðslu fyrir áramót auk 10 umsókna frá árinu 2024.




RÁDGJÖF OG AÐSTÖÐ – ERINDI FRÁ EINSTAKLINGUM

Alls bárust 63 beiðnir frá einstaklingum sem töldu á sér brotið samkvæmt þeim lögum sem stofnunin hefur eftirlit með. Erindin vörðuðu eftirfarandi þætti:

Almennt	9
Aldur	4
Fötun og skert starfsgeta	6
Kyn	32
Kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning	2
Kynþáttur og þjóðernisuppruni	10
Trú og lífsskoðun	0

INNKOMIN ERINDI

Skráð var 41 mál sem varðar upplýsingaöflun, fræðslu og forvarnir. Erindin vörðuðu eftirfarandi þætti:





Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa Borgum v/ Norðurlóð 600 Akureyri
460 6200 jafnretti@jafnretti.is www.jafnretti.is